

Nr. 19-038 S 027 Jóhanna Gísladóttir GK 557***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1076
Útgerð: Visir hf.
Smíðaður: Akranesi, 1969, stál
Stærð: 480,6 brl. 704,4 bt.
Mesta lengd: 56,76 m *Skráð lengd:* 52,9 m
Breidd: 8,0 m *Dýpt:* 6,2 m
Vél: Wichmann 750 kW, 1985.
Fjöldi skipverja: 15



Jóhanna Gísladóttir ©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. mars 2019 var Jóhanna Gísladóttir GK 557 á línuveiðum 15 sjómílu vestur af Bjargtöngum. Veður 20 m/s.

Skipverji, sem var uppi á veðurþilfari, var að láta færið fara þegar brot kom á skipið. Hreif sjórinn hann með sér og kastaði framan á stýrishúsið. Honum skolaði síðan með sjónum aftur eftir ganginum stjórnborðsmegin. Skipverjinn slasaðist á vinstri fæti og var siglt með hann til Grundarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að brotið kom á skipið bakborðsmeginn aftan við þvert og náði það upp að brúargluggum;
- að skipverjinn slasaðist á lærvöðva og hné á vinstri fæti. Lærvöðvinn bólgaði mikið upp og gat hann ekki stígið í fótinn fyrst á eftir;
- að skipverjinn var með björgunarvesti sem blés upp fyrir tilstilli sjálfvirknibúnaðar við að blotna;
- að ekki var venja að nota öryggislínu við þetta verk.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.